

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 19. janúar 1993

um nákvæmar reglur um sjónræna skoðun til að finna sníkjudýr í fiskafurðum

(93/140/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/493/EBE frá 22. júlí 1991 um hollustuhætti við framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða ⁽¹⁾, einkum 1. lið V. þáttar IV. kafla viðaukans,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í tilskipun 91/493/EBE er greint frá kröfum um sníkjudýraeftirlit við meðhöndlun fiskafurða á landi og um borð í verksmiðjuskipum.

Fyrirtæki í sjávarútvegi skulu sjá um innra eftirlit á öllum stigum framleiðslu fiskafurða í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 6. gr. tilskipunar 91/493/EBE, svo að fiskur sem er augljóslega með sníkjudýr verði ekki settur á markað til mannelis.

Samkvæmt 5. lið II. þáttar I. kafla viðaukans við tilskipun 91/493/EBE skulu sömu reglur gilda um starfsstöðvar í landi og um verksmiðjuskip.

Samþykkt á nákvæmum reglum um sjónræna skoðun felur í sér þörfina á að skilgreina hugtökin sýnileg sníkjudýr og sjónræn skoðun og að ákvarða eðli og tíðni athugana sem á að framkvæma.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „*sýnileg sníkjudýr*“: sníkjudýr eða flokkur sníkjudýra sem hefur stærð, lit eða áferð sem auðvelt er að aðgreina frá fiskvefnum;
2. „*sjónræn skoðun*“: skoðun án eyðileggingar á fiski eða fiskafurðum sem fer fram án ljóstæknilegrar stækkunar og við góð birtuskilyrði fyrir mannsaugað, þar með talið gegnumlýsing ef nauðsyn krefur.

2. gr.

1. Sjónræn skoðun skal fara fram á marktækum fjölda sýnishorna.
2. Stjórnendur starfsstöðva í landi og faglærðir einstaklingar um borð í verksmiðjuskipum skulu ákvarða umfang og tíðni þeirra skoðana sem um getur í 1. mgr. með hliðsjón af eðli fiskafurðanna, landfræðilegum uppruna þeirra og notkun.

3. gr.

Við framleiðslu á slægdum fiski skal faglærður einstaklingur framkvæma sjónræna skoðun á kviðarholi og á lifur og hrognum til mannelis. Sjónræna skoðunin skal:

1. þegar um handvirka slægingu er að ræða, framkvæmd sleitulaust af starfsmanni meðan á slægingu og þvottistendur;
2. þegar um vélræna slægingu er að ræða, framkvæmd með sýnatöku þar sem marktækur fjöldi sýna er ekki undir 10 fiskar á vinnslulotu.

4. gr.

Faglærðir einstaklingar skulu við snyrtingu, að lokinni flökun eða sneiðingu, framkvæma sjónræna skoðun á fiskflökum eða fisksneiðum. Ef einstök skoðun er ótæk vegna stærðar flakanna eða vegna flökunarinnar, þarf að semja sýnatökuáætlun og hafa tiltæka fyrir lögbær yfirvöld í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/493/EBE. Ef gegnumlýsing er tæknilega möguleg skal hún vera innifalinn í sýnatökuáætluninni.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. janúar 1993.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*René STEICHEN
framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 15.